

Nd.

742. Nefndarálit

[114. mál]

um frv. til námulaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagna. Samþykkir nefndin að mæla með samþykkt þess með þremur breytingum.

Lárus Jónsson vill ekki taka afstöðu til málsins að svo stöddu. Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. málsg. 2. gr. orðist svo:

Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

2. 2.—3. málsg. 5. gr. falli niður, en í stað þeirra komi ný málsgrein:

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsg. 3. gr.

3. Viðbót komi við 8. gr., þannig:

Er ráðherra hefur tekið landareign lögnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Alþingi, 9. maí 1972.

Sigurður Magnússon,  
form.

Gísli Guðmundsson,  
fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson,  
frsm.

Pétur Pétursson.

Bjarni Guðnason.